

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

54. fundur.

að Hótel Reyhlið, 5. mars 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Drög að tillögum að matsáætlunum fyrir Kröfluvirkju II og sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Peistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Peistareykjum að Bakka. Fulltrúar framkvæmdaaðila mæta til fundarins.
3. Fyrirtækjalisti v/sorphirðu 2009, var frestað á fundi 12. feb.
4. Fundargerð Skólanefndar dags. 2. febrúar.
5. Gjaldskrá v/búfjárefntirlits, síðari umræða.
6. Úrskurður Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála v/kæru eiganda hússins að Helluhrauni 16 á synjun sveitarstjórnar frá 23. ágúst 2007.
7. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 2. mars.
8. Aðalskipulagsbreyting við Kröflu.

Til kynningar.

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 5. feb. v/tillögu LV. að matsáætlun um rannsóknarboranir við Kröflu.

Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 6. feb.

Fundargerð samráðsnefndar SSA og Eypings dags. 19. jan.

Fundargerð stjórnar Eypings og þingmanna NA dags. 21. jan.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 18. feb.

Tillaga frá 63. ársþingi KSÍ.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Elín Steingrímsdóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 7 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Drög að tillögum að matsáætlunum fyrir Kröfluvirkju II og sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka. Fulltrúar framkvæmdaaðila mæta til fundarins. Fulltrúar frá LVP, Mannviti, Landsneti og Alcoa mættu til fundarins og kynntu hvert fyrir sig áður nefnda matsáætlun. Ágætis kynning og ýmislegt rætt.

3. Fyrirtækjalisti v/sorphirðu 2009, var frestað á fundi 12. feb.

Eftirfarandi innheimtulisti lagður fram. Ljóst er að þrátt fyrir að sveitarstjórn samþykki 15% hækkun sorpgjalda frá fyrra ári, heldur það ekki í við kostnaðinn sem hlýst af þeim málaflokki. Þá er nú í fyrsta skipti lagt sorpgjald á þá bændur sem hafa stærra bú en sem nemur 100 ám.

Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalds 2009 fyrirtæki	flokkur	2009
Birgir Hauksson v/landbúnaður	a	20.200
Egill Freysteinnsson v/landbúnaður	a	20.200
Eypór Pétursson v/landbúnaður	a	20.200
Eilífur ehf. v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Baldursheimi ehf. v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Gautlöndum 1 v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Garði 2 v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Geiteyjarströnd 2 v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Grænavatni 1 v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Grænavatni 4 v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Stöng 2 og Heiðmörk v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Skútustöðum 2 v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Vogum 2 og 4 v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Vogum 3 v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Vogum 1 v/landbúnaður	a	20.200
Félagsbú Ytri Neslöndum v/landbúnaður	a	20.200
Halldór Árnason v/landbúnaður	a	20.200
Héðinn Sverrisson v/reykhús	a	20.200
Ingólfur Jónasson v/landbúnaður	a	20.200
Kjartan Þ. Sigurðsson v/landbúnaður	a	20.200
Dyngjan	a	20.200
Gylfi Yngvason reikhús	a	20.200
Haganes, veiðihús	a	20.200
Mývatnsmarkaður	a	20.200
Reykhúsið Hellu	a	20.200

Víkurnes, hópferðaðþjónusta	a	20.200
		525.200
Fuglasafn Sigurgeirs	b	55.500
Héðinn Sverrisson v/gisting	b	55.500
Landeigendur Reykahl. v/Gestastofu	b	55.500
Mýflug	b	55.500
Skútustaðahreppur skrifst/leikskóli	b	55.500
Skútustaðir 2b, gisting	b	55.500
Sparisjóður S-Þingeyinga	b	55.500
Stöng Sumarhús	b	55.500
		444.000
Eldá/Helluholt	c	101.200
Ferðaðþjónustan Bjargi	c	101.200
Ferðaðþjónustan Hlíð	c	101.200
Jón Ingi Hinriksson v/Léttsteypan ofl.	c	101.200
Lake Wiew	c	101.200
Landsvirkjun v/Grænna lausna/Raftvista	c	101.200
Baðfélag Mývatnssveitar	c	101.200
Skútustaðahreppur v/Múlavegar 1	c	101.200
Skútustaðahreppur v/áhaldahús/veitust.	c	101.200
Stöng, ferðaðþjónusta	c	101.200
Vogabú v/gisting/veitingar	c	101.200
Vogar v ferðaðþjónusta ofl.	c	101.200
Veidihús í landi Hofstaða	c	101.200
		1.315.600
Hótel Reynihlíð	d	185.700
Lykilhótel	d	185.700
Mývatn ehf	d	185.700
Skjólbrekka, félagsheimili	d	185.700
Skútustaðahreppur, grunnskóli	d	185.700
Skútustaðahreppur, íþróttamiðstöð	d	185.700
		1.114.200
Samkaup	f	549.100
Kröfluvirkjun	f	549.100
		1.098.200
amt. fyrirtæki		4.497.200
alm. gjald	171	20.200
		3.454.200
samtals alls		7.951.400

Sveitarstjórn samþykkir sorplistan og staðfestir hér með óbreyttann gjaldskrárhluða álagningarreglna fasteigna- og þjónustugjalda sem samþykkt var með tölvupósti 24. febrúar s.l. Sveitarstjóra falið að afla henni staðfestingar.

GJALDSKRÁ
fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir		20.200 kr.
Fyrirtæki:	a)	20.200 kr.
	b)	55.500 kr.
	c)	101.200 kr.
	d)	185.700 kr.
	e)	362.200 kr.
	f)	549.200 kr.

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, og með vísan í 25. gr. laga nr. 7/1998. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar 12. febrúar og 24. febrúar 2009.

4. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Gjaldskrá nr. 413/2008 fellur úr gildi frá sama tíma.

Skútustaðahreppi, ... febrúar 2009.

Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstjóri.

4. Fundargerð Skólanefndar dags. 2. febrúar.

Í fundargerð Skólanefndar kemur fram að skólastjórar grunnskóla og tónlistarskóla hafi sagt frá skólastarfinu og hvað væri framundan. Þá kemur og fram undir liðnum önnur mál að með nýjum grunnskólalögum hafi orðið breytingar á hlutverki skólanefnda og að nýtt erindisbréf fyrir nefndina hafi verið samþykkt í sveitarstjórn og afhent nefndarmönnum. Fundargerð Skólanefndar þarfnast ekki áliktunar við.

5. Gjaldskrá v/búfjárefntirlits, síðari umræða.

Gjaldskráin samþykkt óbreytt frá síðasta fundi og sveitarstjóra falið að afla henni staðfestingar.

6. Úrskurður Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála v/kæru eiganda hússins að Helluhrauni 16 á synjun sveitarstjórnar frá 23. ágúst 2007.

Borist hefur úrskurður Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála dags. 20. febrúar. Í niðursöðu nefndarinnar segir:

„Í máli þessu liggur fyrir að kærandi lagði fram umsókn hjá sýslumannsembættinu á Húsavík m.a. um leyfi til sölu gistingar í þremur

herbergjum í húsinu að Helluhrauni 16 í Reykjahlíð, og óskaði embættið eftir umsögn sveitarstjórnar. Kaus sveitarstjórn að grenndarkynna erindið með vísa til 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, án þess þó að beiðni um byggingarleyfi eða skiuplagsbreytingu lægi fyrir sveitarstjórn. Var afgreiðsla sveitarstjórnar á umsagnarbeiðni sýslumanns aðeins liður í málsmeðberð á fyrrgreindri umsókn um leyfi til sölu gistingar. Hin kærða afgaða sveitarstjórnar var því ekki lokaákvörðun í skilningi 23. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og verður hún af þeim sökum ekki kærð til úrskurðarnefndarinnar. Máli þessu er vísað frá nefndinni.“

Það vekur athygli að Úrskurðarnefndin var fjórtán mánuði að komast að þeirri niðurstöðu að vísa málinu frá. Í 4. gr. reglugerðar nr. 621/1997 um úrskurðarnefnd samkvæmt 8. gr. skipulags- og byggingarlaga segir:

“Úrskurðarnefnd skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og jafnan innan tveggja mánaða frá því að kæra berst henni í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en þrjú mánuðir.”

Í niðurlagi bréfsins er þess látið getið að uppkvaðning úrskurðar í máli þessu hafi dregist verulega sökum mikils fjölda mála sem skotið hefur verið til úrskurðarnefndarinnar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps átelur Umhverfisstofnunina harðlega fyrir að skapa nefndinni ekki þau starfsskilyrði að hún geti uppfyllt fyrrnefnt reglugerðarákvæði. Þá átelur sveitarstjórn nefndina fyrir að fara ekki að reglugerðarákvæðinu er því við kemur að tilkynna hlutaðeigandi þegar mál dragast á langinn og hvenær úrskurðar sé að vænta.

7. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 2. mars.

Liður 1, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við veitingaaðstöðu Vogafjóss á samt fl. breytingum og liður 2, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir þjónustuhús við Dimmuborgir, eiga við um Skútustaðahrepp.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Byggingarnefndar að öðru leyti en því að ekki er þörf á að beita 3.tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga vegna afgreiðslu Byggingarnefndar á fyrsta lið fundargerðarinnar, skv. upplýsingum frá Skipulagsstofnun.

8. Aðalskipulagsbreyting við Kröflu.

Fyrir fundinum liggur leiðrétt tillaga að aðalskipulagsbreytingu við Kröflu til samræmis við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Breytingartillagan ásamt greinargerð er unnin af Landslagi ehf. (vnr. 08060). Eftir kynningu Landsnets á legu háspennulína vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver á Bakka, sem fram fór á fundinum fyrr í dag er ljóst að enn þarf að gera breytingu á fyrirliggjandi tillögu. Breytingin lýtur að því að nú er ekki gert ráð fyrir að Kröflulína 2 verði tekin niður þó svo að reist verði ný lína austur í Fljótsdal, Kröflulína 3.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna ásamt framkominni ósk Landsnets um breytingu á aðalskipulagstillögunni. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitastjóra að afla heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna í samræmi við skipulagslög, þegar nefndar breytingar hafa verið færðar inn á aðalskipulagsupprátt og í greinargerð með honum.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Elín Steingrímsdóttir,
Böðvar Pétusson.